

Fjölskylduráð Múlaþings - 98 (19.3.2024) - Samræmd móttaka flóttafólks

Málsnúmer : 202311045

Málsaðili : Félags- og vinnumarkaðsráðuneyt

Niðurstaða (stutt) : Samþykkt

Fundardagur : 19.03.2024

Inngangur : Borist hafa drög að nýjum samningi um samræmda móttöku flóttamanna frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu.

Niðurstaða : Borist hafa drög að nýjum samningi um samræmda móttöku flóttamanna frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu.

Á fundi sveitarstjórnar Múlaþings þann 15. nóvember 2023 var samþykkt að framlengja samning um móttöku flóttafólks við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið að því gefnu að tekið yrði tillit til takmarkana varðandi móttöku, sem eru að húsnæðisaðstaða sem er í boði er á Eiðum, sem og að gert yrði ráð fyrir kostnaði vegna almenningsgangna milli Egilsstaða og Eiða. Þar sem þessum forsendum hefur ekki verið mætt, leggur fjölskylduráð til að samningur við ráðuneytið verði aðeins framlengdur til maí loka yfirstandandi árs.

Samþykkt samhljóða.